Fullgild rafræn undirskrift
ESTHER RUTH AÐALSTEINSDÓTTIR
2026-06-24 14:12:23 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
RAGNHILDUR BERTA BOLLADÓTTIR
2026-06-24 15:13:35 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fisktækniskóli Íslands ehf.
Suðurhópi 2
240 Grindavík

Dagsetning 24.6.2026
Málsnúmer MRN25040187

Viðurkenning Fisktækniskóla Íslands ehf. sem fræðsluaðili í framhaldsfræðslu, kennsluhúsnæði skólans

Vísað er til umsóknar Fisktækniskóla Íslands, kt. 620709-1310, dags. 3. júlí 2025, um endurnýjun viðurkenningar skólans sem fræðsluaðila í framhaldsfræðslu til þriggja ára. Jafnframt er vísað til erindis skólameistara, dags. 2. júní 2026, varðandi gildi viðurkenningarinnar í ljósi breytts kennsluhúsnæðis skólans. Fisktækniskóli Íslands er nú með starfsemi í húsnæði að Suðurhópi 2, 240 Grindavík.

Meðal skilyrða fyrir viðurkenningu fræðsluaðila í framhaldsfræðslu er að fyrir liggi mat á aðstöðu til kennslu og námskeiðahalds, sbr. a-lið 1. mgr. 7. gr. laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010. Í viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi fræðsluaðila uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenning er veitt, skilyrði laganna og reglna sem settar eru með stoð í þeim.

Með vísan til þess er það ein af forsendum viðurkenningar að húsnæði sem fræðsluaðili notar til reglubundinnar kennslu og námskeiðahalds sé fullnægjandi fyrir þá starfsemi sem þar fer fram og uppfylli viðeigandi kröfur lögum samkvæmt. Lýsing á húsnæðinu þarf að liggja fyrir, þar sem meðal annars er gerð grein fyrir aðstöðu, aðgengi fatlaðs fólks og annarri sérhæfðri aðstöðu sem starfsemin krefst. Þá þarf að liggja fyrir jákvæð umsögn slökkviliðs um eldvarnir, gilt starfsleyfi og nýjustu niðurstöður eftirlits heilbrigðiseftirlits.

Fisktækniskóli Íslands hefur skilað inn lýsingu á nýju húsnæði skólans að Suðurhópi 2, 240 Grindavík, ásamt teikningum, jákvæðri umsögn slökkviliðs, dags. 10. júní 2026, og starfsleyfi sem gildir til 5. júní 2038.

Með vísan til framangreinds staðfestist hér með að viðurkenning Fisktækniskóla Íslands, dags. 27. nóvember 2025, byggir á því að kennsla fari fram í húsnæði skólans að Suðurhópi 2, 240 Grindavík. Viðurkenningin tekur ekki til fyrra húsnæðis skólans að Víkurbraut 62, 240 Grindavík.

Fyrir hönd ráðherra,

Ragnhildur Bolladóttir Esther Ruth Aðalsteinsdóttir